



Mikilvægt að muna:

- Öll veikindi skulu tilkynnt á skrifstofu skólans. Öll leyfi þarf að sækja um. Sjá nánar heimasíðu skólans.
- Heimasíða skólans er: www.öldutunsskoli.is
- Heimasíða félagsmiðstöðvarinnar er: www.aldan.is
- Sími skólans er 555 1546 og er skrifstofa skólans opin kl. 7:30-16 virka daga, nema föstudaga lokar skrifstofan kl. 15.

Meðal efnis í blaðinu

Um námsmat	1
Árleg könnun meðal nemenda um einelti	1
Stóra upplestrarkeppnin Verðlaun fyrir smásagnagerð	2
Nemendaráð Árshátíð	3
Hugulsamir nemendur Heimsóknir leikskólabarna	4

Við óskum nemendum, foreldrum þeirra og öllum starfsmönnum skólans ánægjulegs páskaeyfis

Námsmat sem námshvati

Við rýnum í námsmatsaðferðir og aukum fjölbreytni þeirra

Í vetur hafa kennarar unnið að því að auka fjölbreytni í námsmati. Tilgangurinn er m.a. sá að mat á námi og framgöngu nemenda verði bæði leiðbeinandi og hvetjandi og auki metnað þeirra og ábyrgð á náminu. Þannig fær hver nemandi betri yfirsýn yfir hvað hann kann og hvað þarf að bæta.

Foreldrar hafa sjálfsgagt orðið varir við heimapróf sem nemendur hafa nokkra daga eða viku til að leysa heima. Sumir kennarar hafa svokölluð endurtekningapróf þar sem nemendur fá tækifæri til að taka tiltekin próf aftur í því skyni að greina hvað það er sem þau þurfa að læra betur og fá síðan tækifæri til að standa sig betur við endurtekninguna.

Bæði heimaprófin og endurtekningaprófin eru liður í því að hjálpa nemendum að hafa góða yfirsýn yfir kunnáttu sína. Hvað kann ég og hvað þarf ég að læra betur? Þetta er góð aðferð til að efla ábyrgð þeirra á náminu. Eitt af meginmarkmiðum skólustefnu Öldutúnsskóla er að nemendur verði æ ábyrgari fyrir námi og framgöngu sinni eftir því sem aldur segir til um.

Einnig eru notaðir ýmsir gáttlistar með viðmiðum um kröfur sem gerðar eru. Slíkir gáttlistar eru góð hjálpartæki fyrir nemendur til að leggja mat á verk sín sjálfir. Einn árgangur hefur t.d. ekki verið með hefðbundin skriftarpróf, þess í stað eiga nemendur að velja ákveðnar síður í vinnubókum sínum sem þeir vilja láta meta. Þetta ýtir undir það að þau noti ekki spariskriftina sína eingöngu á lokaprófi - verður hvatning til að vanda sig alltaf.

Hér eru talin nokkur dæmi um námsmat sem kennarar nota í starfi sínu. Með þessum aðferðum virkar námsmat sem hvatning fyrir nemendur og dýpkar skilning þeirra á því hvernig þeir geta bætt árangur sinn. Við höldum áfram á þessari braut.

Erla Guðjónsdóttir, skólastjóri

Árleg könnun meðal nemenda um einelti

Könnun um einelti (Olweusarkönnun) var lögð fyrir í 4. -10. bekk í desember sl. og er það þriðja árið í röð. Það sem má lesa úr þessari könnun samanborið við kannanir fyrri ára er helst eftirfarandi:

Nemendur eru nú tilbúnari en áður að segja frá einelti sem þeir verða varir við og segja fullorðnum oft frá, bæði í skóla og heima.

Nemendur gera meira í því að stöðva og aðstoða þá sem verða fyrir einelti.

Nemendur treysta meira á að umsjónarkennarar hjálpi þeim við að uppræta einelti þegar það verður uppvíst.

Í heildina hefur einelti minnkað í skólanum frá því fyrsta könnunin var gerð, en við sjáum að það virðist færast á milli hópa.

Það virðist færast í vöxt að nemendur stundi einelti í gegnum farsíma og net. Því viljum við hvetja foreldra til að fylgjast mjög vel með farsíma- og netnotkun barna sinna.

Þetta eru staðreyndir sem við tökum alvarlega, en í könnuninni kemur mjög vel fram hvar eineltið á sér stað og eins hvers konar einelti er í gangi. Það hjálpar okkur mikið að vinna með aðstæðurnar hér í skólanum og hvar okkur ber sérstaklega að vera á varðbergi.

Boðað verður til fundar með foreldrum eftir páska til að kynna rækilega niðurstöðurnar. Einnig munum við senda bækling heim með niðurstöðum og helstu verkefnum sem við höfum unnið að gegn einelti og andfélagslegri hegðun í vetur.

Stóra upplestrarkeppnin

Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar var haldin í ellefta sinn þriðjudaginn 20. mars sl. í Hafnarborg. Sjöundu bekkingar úr grunnskólum Hafnarfjarðar og Álftanesskóla lásu sögur og ljóð fyrir fullum sal af áheyrendum. Það var ánægjulegt að hlusta á frábæran upplestur krakkanna og dómnefnd ekki öfundsverð að velja á milli þeirra.

Fulltrúar Öldutúnsskóla voru þau Helena Kjartansdóttir og Arnór Smári Guðmundsson og var upplestur þeirra og framkoma öllum til sóma. Við þökkum þeim kærlega fyrir frábæra vinnu og frammistöðu.

Sigurvegarar að þessu sinni voru frá Lækjarskóla, Álftanesskóla og Hraunvallaskóla og við óskum þeim hjartanlega til hamingju.

Ingibjörg Einarsdóttir, skrifstofustjóri á Skólaskrifstofunni er einn frumkvöðla keppninnar og hefur áhugi hennar og eljusemi gert keppnina að merki viðburði ár hvert. Forseti Íslands og menntamálaráðherra voru meðal gesta. Forsetinn ávarpaði samkomuna og afhenti öllum keppendum, fyrir hönd keppnishaldara, bókargjöf í viðurkenningarskyli fyrir þátttökuna.



Ingibjörg Einarsdóttir ávarpar samkomuna

Verðlaun fyrir smásagnagerð

Á lokahátíð keppninnar er venja að veita verðlaun í smásagnasamkeppni sem haldin er árlega meðal nemenda í 8. til 10. bekk.

Una Brá Jónsdóttir í 8. J hér í Öldutúnsskóla fékk 3. verðlaun fyrir sögu sem hún sendi til keppninnar og er henni óskað hjartanlega til hamingju með þennan árangur. Við vonum að sigur Unu verði henni og öðrum nemendum hvatning til að gefa hugmyndafluginu lausan tauminn og stunda skriftir.

Stærðfræðikeppni grunnskólanna

Árlega stendur Flensborgarskóli fyrir stærðfræðikeppni milli nemenda í 8. til 10. bekkjum grunnskólanna í bænum. Keppnin hefur verið haldin síðan 1996 og sífellt fleiri taka þátt. Nemendur úr Öldutúnsskóla stóðu sig með miklum sóma, en verðlaunahátíð var í Flensborg 14. mars sl. Þórey Arna Snorradóttir, 8. J var í þriðja sæti. Ester Ósk Hafsteinsdóttir, 9. J var meðal nemenda sem voru í 8. – 10. sæti og Gísli Sigurðsson 10. L sigraði í flokki 10. bekkinga. Frábær árangur hjá þeim og óskum við þeim innilega til hamingju.



Gísli, Þórey Arna og Ester Ósk, ásamt skólastjóra og stærðfræðikennurum sínum.

Starfsmannamál — foreldraorlof

Nú í mars hafa þrjú kennarar farið í foreldraorlof. Það eru Valur Örn Arnarson íþróttakennari, Gunnar Sigurðsson tölvukennari og Harpa Kolbeinsdóttir sem hefur verið aðstoðarkennari í 8. bekk. Halla Eyberg Þorgeirsdóttir hefur verið ráðin í stað Hörpu. Valur kemur til íþróttakennslu á föstudögum í leyfinu sínu og Edda Jóhannsdóttir hefur bætt á sig sundkennslutímum Vals. Með þessu og tilfærslum hér innanhúss höfum við leyst íþróttakennsluna að mestu leyti, en annan vikulegan íþróttatíma hjá bekkjum í miðdeild þurfum við að fella niður þar til við fáum íþróttakennara. Gunnar Sigurðsson tölvukennari hefur tekið að sér fjarkennslu frá heimili sínu fyrir nemendur í tölvuvali, en að öðru leyti hafa umsjónarkennarar viðkomandi bekkja tekið að sér tölvukennsluna.

Nemendaráð Öldutúnsskóla 2006-2007

Við í nemendaráði erum búin að gera margt í vetur. Veturinn byrjaði á frábæru vinaballi þar sem DJ Atli þeytti skífur. Í kennslustundunum höfum við m.a. lært ræðumennsku, skipulagningu á viðburðum og svo sitt lítið um okkur sjálf.

Í september fór 10. bekkur nemendaráðs á Landsmót Samfés. Þar var gist yfir helgi í Árbæjarskóla með krökkum úr skólum víðsvegar af landinu. Karnival var 19. október og þar spilaði Svitabandið við góðar undirtektir. Eftir það voru skipulagðir margir fleiri minni viðburðir eins og fótboltamót, dragkeppni, skautuferð, jólaball, söngkeppni, kraftakeppni, Stíll og fleira.

Þann 15. febrúar var Grunnskólahátíðin haldin og var metaðsókn, 833 einstaklingar mættu. Á öskudaginn skipulögðum við sveitadag þar sem nemendur og kennarar mættu í sveitafötum og horfðu á Dalalíf. „Sleepover“ var í Öldunni þann 23. febrúar þar sem 80 krakkar „gistu“ í skólanum.

Spilaðir voru tölvuleikir, horft á myndir og fleira skemmtilegt gert.

Árshátíð skólans var 22. mars sl. Hún var sérstaklega vel heppnuð og skemmtileg.

Eins og þið sjáið þá hefur nemendaráð haft nóg að gera í vetur og þannig mun það verða áfram.

Fyrir hönd nemendaráðs Öldutúnsskóla.

Elín, Gígja og Hafdís



Hið vaska nemendaráð. Frá vinstri aftasta röð: Sandra Birna, Elfa Ýr, Hafdís, Linda Þórey, Elín, Þórdís Anna, Gígja, Valgerður Rós, Eygló, Ægir, Ottó, Óskar og Rögnvaldur.

Árshátíð 8. til 10. bekkja

Árshátíð unglिंगadeildarinnar og Öldunnar var haldin 22. mars sl. Byrjað var með borðhaldi í Jósölum þar sem fallega skreytt borð svignuðu undan dýrindismat sem Ásgeir Helgi Erlingsson, matsveinn átti veg og vanda að. Eru honum og hans fólki færðar sérstakar þakkir fyrir sérstaklega flott og gómsæt veisluföng.

Eftir borðhaldið var haldið í skólann þar sem dagskrá hófst með ávarpi formanns nemendaráðs, Gígju Hilmarsdóttur og síðan tók við frumsaminn leikþáttur sem kennarar unglिंगadeildar sömdu og léku við mikinn fögnuð áheyranda. Hreimur Örn Heimisson söngvari var leynigestur kvöldsins og dansinn dunaði fram eftir kvöldi.

Nýsköpunarkeppni grunnskóla

Nýsköpunarkeppni grunnskóla stendur nú yfir, skilafrestur er til 30. apríl. Keppt er í fjórum flokkum:

UF - uppfinningar

ÚF - útlits - og formhönnun

HB - hugbúnaður og upplýsingatækni

ÞV - þemaverkefnið "**slysavarnir**" en Slysavarnafélagið Landsbjörg er frumkvöðull þess átaks.

Allir hugmyndaríkir krakkar eru hvattir til að taka þátt. Umsóknareyðublað og allar frekari upplýsingar má finna á heimasíðu keppinnar, en slóðin er <http://nkg.is/>

Vel heppnaðir þemadagar

Dagana 5. til 7. mars sl. var dagleg stundaskrá brotin upp. Nemendur unnu að verkefnum um mismunandi lönd og heimsálfur. Kynntust sögu, dansi og listum landanna og unnu fjölbreytt verkefni. Það er hressilegt að brjóta upp hefðbundið skólastarf með þessum hætti og eiga nemendur og kennarar mikið hrós skilið fyrir frábæra vinnu og vel heppnaða þemadaga nú sem endranær.

Sjá nánar á vefsíðunni okkar www.öldutunsskoli.is

ÖLDUBROT

FRÉTTABLAÐ ÖLDUTÚNSSKÓLA

v/ Öldutún
220 Hafnarfjörður

Sími: 555 1546
Fax:: 555 1517

Netfang: oldtunsskoli@oldtunsskoli.is
Veffang: www.oldtunsskoli.is

Skólastjóri: Erla Guðjónsdóttir.

Aðstoðarskólastjórar: Guðmundur Ingi Jónsson og María Pálmadóttir.

Starfsmenn á skrifstofu: Drífa Heiðarsdóttir og Halldóra Bergsdóttir, ritari.

Sýn skólastarfs Öldutúnsskóla

Í samvinnu við foreldra og skólayfirvöld er stefna Öldutúnsskóla að:

- Leggja áherslu á jákvætt námsumhverfi þar sem nemendur fá tækifæri til að efla sjálfa sig, styrkja sjálfsmynd sína og taki sífellt meiri ábyrgð á sjálfum sér og námi sínu eftir því sem aldur og þroski þeirra gefur tilefni til.
- Skólastarfið mótist af nútímalegum vinnubrögðum og séu gefandi og skapandi. Stundaðir séu fjölbreyttir kennsluhættir sem koma til móts við þarfir nemenda með áherslu á styrkleika þeirra.
- Veita nemendum þekkingu til undirstöðu fyrir frekara nám og starf. Þeir eflist í sjálfstæðum vinnubrögðum og samvinnu sem mótist af virðingu og víðsýni gagnvart samferðafólki.
- Stunda gagnkvæmt samstarf og upplýsingamiðlun milli heimilis og skóla sem styrki báða aðila að búa börnunum góð námsskilyrði.

Hugulsamir nemendur

Morguninn eftir árhátíðina komu 9. bekkingar kennurum sínum þægilega á óvart. Tveir af þremur umsjónarkennurum í 9. bekk eiga stórafmæli um þessar mundir. Nemendur þeirra slógu upp dýrindis veislu á föstudagsmorguninn kennurum sínum til heiðurs. Þetta höfðu krakkarnir undirbúið sjálfir heima og komu með veisluföngin með sér. Kærar þakkir fyrir þetta 9. bekkingar! Þetta var höfðinglega gert og yljár ekki bara umsjónarkennurum bekkjanna um hjartarætur, heldur einnig okkur hinum sem í skólanum störfum.

Heimsókn barna úr leikskólum

Þessa vikuna standa yfir heimsóknir barna sem eru að koma úr leikskólunum til okkar næsta vetur. Þau koma í fylgd leikskólakennara sinna og heilsa upp á stjórnendur og starfsfólk, skoða skólann, dvelja með krökkum í 1. bekk og eiga góða stund á bókasafni skólans. Einnig fara núverandi 1. bekkingar í heimsóknir í leikskólana í hverfinu. Foreldrum barnanna er síðan boðið á kynningarfund í maí.

Tilkynningar og fréttaskot

- Páskaleyfi hefst mánudaginn 2. apríl og við hefjum kennslu aftur þriðjudaginn 10. apríl samkvæmt stundaskrá.
- Dagatal skólans fyrir næsta skólaár hefur verið afgreitt í fræðsluráði og er komið á vefsíðu skólans. Dagatalið er gert í samráði við starfsmenn, foreldraráð og hina grunnskólana í bænum.
- Heilsdagsskólinn verður opinn virka daga í páskaleyfinu. Sækja þarf um dvöl á sérstökum umsóknareyðublöðum sem send hafa verið heim með nemendum í 1.- 4. bekk.
- Innritun barna sem fara í 1. bekk skólaárið 2007 til 2008 er dagana 27. til 30. mars. Innritunareyðublöð fást á skrifstofu skólans og á vefsíðunni okkar www.oldtunsskoli.is Geta foreldrar fyllt það út og sent sem viðhengi í tölvupósti til okkar á netfangið oldtunsskoli@oldtunsskoli.is



Öldutúnsskóli
hlýja - umhyggja - festa

